



Deiliskipulag Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Uppfærsla gagna með vísan til ábendinga Skipulagsstofnunar.

Dags. 11. maí 2023

málsnúmer ONE: 2112277

Minnisblað – efni

1. Inngangur
 - a. Gögn til Skipulagsstofnunar skv. 1.mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
2. Ábendingar Skipulagsstofnunar
3. Viðbrögð við ábendingum Skipulagsstofnunar – uppfærsla gagna
4. Að lokum

1. Inngangur

Kópavogsbær og Mosfellsbær hafa, með erindi dags. 13. mars 2023, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugsemdafresti lauk 14. október 2022. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 14. febrúar 2023 og í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 15. febrúar 2023 ásamt umsögnum Kópavogs og Mosfellsbæjar um framkomnar athugasemdir, dags. febrúar 2023. Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Deiliskipulagið sem sent var til Skipulagsstofnunar til yfirferðar var sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu dags. 30. júní 2022, með breytingum dags. 2. febrúar 2023 og á þremur uppdráttum, deiliskipulagsuppdrætti (B101) í mkv. 1:10.000 og skýringaruppdráttum (B102 og B103) í mkv. 1:4000, dags. 30. júní 2022, með breytingum dags. 2. febrúar 2023.

2. Ábendingar Skipulagsstofnunar

Borist hefur svar frá Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl 2023 (til skipulagsfulltrúa Kópavogs og afrit sent til Mosfellsbæjar). Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki sé hægt að taka afstöðu til erindisins vegna eftirfarandi:

- Óljóst er hvernig fyrirhuguð gatnamót við Lækjarbotna samræmast ákvæðum Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 sem gera ráð fyrir mislægum gatnamótum.
- Í deiliskipulagsgögn vantar að setja fram skýra skipulagsskilmála, s.s. hvað varðar breidd vegar, akreinafjölda, vegaxlir, útfærslu gatnamóta, brú, snið og fleira sem við á.
- Bregðast þarf við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og setja fram skilmála sem tryggja að vatnsverndarsvæðið mengist ekki á framkvæmdartíma.
- Setja þarf fram skilmála fyrir hljóðmanir, s.s. hvað varðar hæð og breidd þeirra, efnisnotkun og fleira sem getur átt við.
- Stofnunin mælir með að uppdrættir B102 og B103 séu ekki skýringaruppdrættir heldur deiliskipulagsuppdrættir og séu settir fram í mkv. 1:500 til 1:2000 til að auka skýrleika gagna (sbr. gr. 5.5.3 í skipulagsreglugerð).

Að lokum bendir stofnunin á að ekki á við að merkja gögn „tillaga“ eftir að gögn hafa verið endanlega samþykkt í sveitarstjórn.



3. Viðbrögð við ábendingum Skipulagsstofnunar - uppfærsla gagna

Eftirfarandi eru viðbrögð og úrvinnsla Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar við ábendingum Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins vegna eftirfarandi:

- Óljóst er hvernig fyrirhuguð gatnamót við Lækjarbotna samræmast ákvæðum Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 sem gera ráð fyrir mislægum gatnamótum.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, staðfest 28. desember 2021, þar sem gert er ráð fyrir staðsetningu Suðurlandsvegar sem stofnbrautar og mislægum gatnamótum og göngubrú eða undirgöngum. **Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að í fyrstu verði byggð gatnamót í planlegu við Lækjarbotna/Geirland, sem síðar má útfæra sem mislæg gatnamót.¹**

(Sjá breytingar/uppfærslu í greinargerð á bls 11 og vísað til ákvæða í gildandi aðalskipulagi bls 114)

- Í deiliskipulagsgögn vantar að setja fram skýra skipulagsskilmála, s.s. hvað varðar breidd vegar, akreinafjölda, vegaxlir, útfærslu gatnamóta, brú, snið og fleira sem við á.

Við uppfærslu á greinargerðinni er hnykkt betur á forsendum fyrir vegtegundum og gatnamótum í deiliskipulaginu. Ekki er um neinar efnislegar breytingar hvað deiliskipulagið varðar, en vegtegundirnar skýrðar betur út. Útfærsla deiliskipulagsins byggir á ákveðnum hönnunarforsendum á vegtegundum út frá umferðarþunga sem skilgreindar hafa verið í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Vegagerðinn er bundinn af því að hönnun svæðisins er í samræmi við vegalög og eru skipulagsskilmálanir tilkomnir út frá þeim hönnunarreglum.

Skilmálarnir eru settir frá í auka undirkafla **3.2.1 Skipulagsskilmálar vegtegunda, manir og útfærsla gatnamóta**. Athygli er vakinn að deiliskipulagið hefur ávallt tekið mið af og skilgreint vegtegund A³⁴, sem aðalforsendu fyrir skipulagsinu. Viðkomandi vegtegund hefur fastar stærðir sem eru skýrðar betur út í hinum nýja undirkafla. Einnig eru settar fram nýjar skýringarmyndir sem undirstrika breiddir og stærðir sem fylgja viðkomandi veggerð. Ný brú yfir Hólmsá tekur einnig mið af viðkomandi veggerð, eins og lýst er í kafla 3.3.

(Sjá breytingar í greinargerð á bls 16-18)

- Bregðast þarf við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og setja fram skilmála sem tryggja að vatnsverndarsvæðið mengist ekki á framkvæmdartíma.

Í nýjum undirkafla **3.6.1 Skilmálar í tengslum við vatnsvernd** er sett fram krafa um áhættumat liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Stærsti hluti svæðisins liggur á svæði sem er skilgreint sem öryggissvæði fyrir grunnvatn, en önnur svæði eru skilgreind sem fjarsvæði vatnsverndar. Þar er tekið fram að framkvæmdaraðili skuli út frá áhættumatinu gera áætlun um innra eftirlit með mengunarvörnum fyrir hvern verkþátt framkvæmdarinnar sem og gera eftirlits- og viðbragðsáætlun sem samþykkt skal vera af leyfisveitanda framkvæmdarinnar.

Einnig er uppfært í kafla **4.2.5 um vatnafar, vatnsverndarsvæði og afrennsli** að áður en framkvæmdarleyfi er gefið út skal liggja fyrir áhættumat vatnsverndar í tengslum við framkvæmdina. Við gerð áhættumatsins skal líta sérstaklega til 17 - 29 gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015, sem kveður á um uppbyggingu vega á grannsvæðum með umferðaröryggi og mengunarvarnir til grundvallar sem og ræktunarstörf og framkvæmdir.

Með þessu er brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að fullu.

(Sjá breytingar í greinargerð á bls 21-22 og 27)



- Setja þarf fram skilmála fyrir hljóðmanir, s.s. hvað varðar hæð og breidd þeirra, efnisnotkun og fleira sem getur átt við.

Settir hafa verið frá skilmálar hvað varðar hljóðmön sem gert er ráð fyrir í skipulaginu á móts við Gunnarshólma. Hljóðmönin skal vera með grasyfirborði sem tekur mið af öryggiskröfum samkvæmd vegtegunð A³⁴. Flái hljóðmanar sem snýr að Suðurlandsvegi skal ekki vera meiri en 1:3, en 1:2 hlémegin hljóðmanar. Hæð manar skal vera 1 m yfir miðju vegar.

(Sjá breytinga í greinargerð á bls 17).

- Stofnunin mælir með að uppdrættir B102 og B103 séu ekki skýringaruppdrættir heldur deiliskipulagsuppdrættir og séu settir fram í mkv. 1:500 til 1:2000 til að auka skýrleika gagna (sbr. gr. 5.5.3 í skipulagsreglugerð).

Samtal átti sér stað á milli deiliskipulagsráðgjafa Kópavogs og Mosfellsbæjar og Skipulagsstofnunar hvað varðar mælikvarða deiliskipulagsins. Eftir samtal við Skipulagsstofnun var ákveðið að bæta við uppdrætti B104, sem sýnir gatnamót Lækjarbotna/Geirlands í mælikv. 1:2000 en öðrum uppdráttum haldið með öllu óbreyttum, fyrir utan skýringar í haus og skýringum. Vísað er til samskipta við Skipulagsstofnun:

„Það væri mjög gagnlegt að bæta við uppdrætti sem sýna helstu framkvæmdarsvæði eins og gatnamót í mælikvarða 1:2000 eða að gögn væru skýrari í þeim mælikvarða (1:4000) sem settur er fram. Að bæta við uppdrætti til að auka skýrleika með sömu upplýsingum og voru til staðar áður er í góðu lagi og ekki ný skipulagsákvörðun.“

(Tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, 05.05.2023)

(Sjá breytingar á deiliskipulagsuppdráttum B101, B102 og B103 og uppdrætti B104 bætt við).

Að lokum

Brugðist hefur verið við ábendingum Skipulagsstofnunar samanber svör/tillögur hér að framan. Haft hefur verið samráð við Skipulagsstofnun í tengslum við úrvinnslu þessa. Tekið er fram að ekki er um neinar efnislegar breytingar að ræða – aðeins frekari skýringar til að auðvelda yfirferð og skilning.